

Ár 2002, miðvikudaginn 6. febrúar, var af Yfirfasteignamatsnefnd í málinu nr. 164/2001 kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Með bréfi dags. 3. desember 2001 kærði Alma Ásbjarnardóttir, kt. 100326-3539 Stóragerði 10, Reykjavík, endurmat Fasteignamats ríkisins á brunabótamati íbúðar hennar 0201 að Stóragerði 10, Reykjavík (fastanúmer 203-3338), sem tók gildi þann 15. september 2001.

Í kærubréfi fer kærandi þess á leit að brunabótamat íbúðarinnar verði endurmetið til hækkunar. Síðan segir í bréfinu:

“Árið 1986 var íbúðin öll endurnýjuð. Sett var upp ný eldhúsinnrétting með öllum tækjum, fataskápar, tækj og innréttingar á baði, nýir ofnar í stofur, eldvarnarhurð út á stígagang og öll gólfefni voru endurnýjuð. Einnig hefur verið skipt um skemmdar rúður í íbúðinni.”

Yfirfasteignamatsnefnd óskaði með bréfi dags. 6. desember 2001 eftir umsögn Fasteignamats ríkisins um framangreinda kæru. Umsögn af hálfu stofnunarinnar er dags. 14. janúar 2002, en þar segir m.a.:

“Niðurstaða endurmats brunabótamats vegna hinnar kærðu íbúðar Stóragerði 10 í Reykjavík byggir á upplýsingum um framangreinda eign sem skráðar eru í Landskrá fasteigna auk upplýsinga um eignina sem fengust við síðustu skoðun hennar 12. apríl 1978. Í máli þessu er um að ræða 101,6 fm. íbúð fjögurra hæða steypu fjölbýlishúsi auk 18,5 fm. steypis bílskúrs. Hjálagt fylgir yfirlit hinnar kærðu eignar, en þar kemur m.a. fram að byggingarár hússins er 1961 og afskriftarár hið sama, en byggingarár bílskúrsins er 1968 og afskriftarár hið sama.

Niðurstaða


Í 10. mgr. 2. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994, sbr. lög nr. 34/1999, er heimild til að reikna brunabótamat án skoðunar á grundvelli upplýsinga sem fyrir hendi eru. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir að ekki þurfi að meta á grundvelli skoðunar á staðnum ef að mati stofnunarinnar liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar.


Samkvæmt umsögn Fasteignamats ríkisins byggði niðurstaða endurmats brunabótamats á íbúð kæranda að Stóragerði 10 m.a. á upplýsingum sem fengust við síðustu skoðun eignarinnar þann 12. apríl 1978. Af því má ráða að Fasteignamat ríkisins hefur ekki við endurmatið sem tók gildi 15. september 2001 haft upplýsingar um endurbætur á húseigninni sem frá er greint í kærubréfi. Með hliðsjón af því og aldri þeirra upplýsinga sem fyrir lágu hjá Fasteignamatinu verður að telja að ekki hafi legið fyrir fullnægjandi upplýsingar við endurmatið. Málinu er því vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.

ÚRSKURÐARORÐ:

Málinu er vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.


Pétur Stefánsson


Agnar Guðafsson


Guðmundur Magnússon